



SAMKEPPNISEFTIRLITID

Fimmtudagur, 9. nóvember, 2012

Ákvörðun nr. 25/2012

Samruni Alfa hf. og Hnetu ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Mál þetta varðar kaup félagsins Alfa hf. á 100% eignarhlut í félaginu Hnetu ehf. Bæði félögin eru eignarhaldsfélög og á Alfa ferðaskrifstofuna Reykjavík Excursions ehf. en helsta eign Hnetu er fólksflutningafyrirtækið Kynnisferðir ehf. Markmið samrunans eftir því sem segir í samrunaskrá er að tryggja rekstarargrundvöll þessara tveggja fyrirtækja með algjörrri sameiningu þeirra.

Reykjavík Excursions var áður í eigu Hnetu og rekið sem eitt félag með Kynnisferðum. Í janúar 2010 var Reykjavík Excursions selt út úr Kynnisferðum í því skyni, að sögn, að skerpa á rekstri ólíkra þátta innan fyrirtækisins. Síðar kom á daginn að aðskilnaður félaganna var ekki rekstrarlega hagkvæmur einkum vegna þess hve samstarf þeirra var náð. Af þeim sökum leituðu eigendur Hnetu eftir því að Alfa keypti einnig rekstur Kynnisferða og náðist samningur þess efnis í desember 2011. Var samruninn tilkynntur Samkeppniseftirlitinu með bréfi, dags. 15. desember 2011, en horfið var frá þeirri tilkynningu vegna breytinga á kaupsamningi. Ný tilkynning barst svo Samkeppniseftirlitinu 11. október sl.

II.

Niðurstaða

Mál þetta varðar kaup Alfa á 100% eignarhlut í Hnetu og er því um algjöran samruna tveggja sjálfstæðra fyrirtækja að ræða. Alfa er eignarhaldsfélag og er tilgangur félagsins fjárfestingarstarfsemi. Alfa er eigandi 100% eignarhlutar í Reykjavík Excursions ehf. sem er ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi sem leigir til sín öll aðföng. Hnetu er eignarhaldsfélag og er tilgangur félagsins rekstur eignarhaldsfélaga, sala fasteigna, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur. Kynnisferðir er í 100% eigu Hnetu. Kynnisferðir eru fólksflutningafyrirtæki sem á og rekur hópferðabíla og strætisvagna. Meginstarfsemi félagsins er að leigja út hópferðabíla til ferðaskipuleggjenda og sinna útboðsskyldum akstri, s.s. eins og almenningssamgöngum. Af þessu er ljóst að þeir markaðir sem samruninn hefur áhrif á eru annars vegar ferðaskrifstofumarkaður og hins vegar markaður fyrir akstur strætisvagna og áætlunarbíla og akstur með ferðamenn í hópferðabílum.



Samruni þessara félaga felur því í sér lóðréttan samruna. Þessi félög voru áður rekin sem eitt fyrirtæki og hafa frá aðskilnaði þeirra í janúar 2010 starfað nær óbreytt þrátt fyrir breytingar á eignarhaldi þeirra. Til að mynda hafa sömu einstaklingar setið í stjórnnum beggja fyrirtækja frá aðskilnaði þeirra. Markmið samrunans er að tryggja rekstargrundvöll þeirra enda er meginþorri viðskipta Reykjavík Excurions við Kynnisferðir og lunginn úr veltu Kynnisferða stafar af þeim viðskiptum. Með aðskilnaði félaganna á sínum tíma var stefnt að því að skerpa á ólíkum þáttum í rekstrinum en síðar kom í ljós að aðskilnaðurinn hafði mikið óhagræði í för með sér. Það fyrirkomulag sem stefnt er að með samrunanum, þ.e. að hafa í einni einingu rekstur hópferðabíla og ferðaskrifstofu, er notað af mörgum helstu keppinautum Kynnisferða og tíðkast á markaði fyrir akstur með ferðamenn í hópferðabílum.

Samkeppniseftirlitið hefur áður fjallað um Reykjavík Excurions og Kynnisferðir þegar þau voru eitt félag undir merkjum Kynnisferða. Má þar helst nefna samruna Kynnisferða við annars vegar Reynimel árið 2007 (ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 51/2007) og hins vegar við SBK árið 2010 (ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2010). Í ákvörðun nr. 51/2007 var það mat Samkeppniseftirlitsins að Kynnisferðir hefðu yfirburðastöðu á markaði fram yfir keppinauta sína og að með samruna þeim sem þá stóð fyrir dyrum hefði fyrirtækið styrkt þá stöðu verulega. Var samruninn því ógiltur. Í ákvörðun nr. 28/2010 kom fram að athugun Samkeppniseftirlitsins hafi leitt í ljós að keppinautar Kynnisferða höfðu aukið markaðshlutdeild sína á viðkomandi markaði frá fyrri athugunum. Staða Kynnisferða var ekki jafn sterk og samruninn leiddi ekki til styrkingar yfirburðastöðu félagsins. Var m.a. á þeim grunni fallist á samrunann.

Í því máli sem nú er til skoðunar er ekki um láréttan samruna tveggja keppinauta að ræða líkt og í ofangreindum málum þar sem samrunar gátu leitt af sér aukna markaðshlutdeild. Þvert á móti hafa aðilar samrunans starfað mjög náið saman, líkt og um eina rekstarheild væri að ræða, og komið fram út á við undir einu merki. Þá voru þeir til skamms tíma eitt félag.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga. Við rannsókn málsins var m.a. horft til þess að samrunaaðilar voru áður eitt félag og hafa frá aðskilnaði sínum starfað mjög náið saman eða líkt og um eitt félag væri að ræða. Samruninn felur því í sér fyrst og fremst rekstarlegt hagræði en ekki samruna keppinauta.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson